Sunnudaginn 6. júní 1943 var aðalfundur Hestamannafélagsins „Glaður" haldinn að Nesodda.

Mættir voru 23 félagsmenn.

Fundarmál:

1. Formaður setti fundinn og las upp fundargjörð síðasta aðalfundar
2. Rætt um kynbótahest félagsins er keyptur var síðastliðinn vetur.
3. Lesinn upp reikningur félagsins fyrir árið 1942 og var hann samþykktur í einu hljóði.
4. Menn þeir sem fóru á mót hestamanna á Þingvöllum 1941 þeir Guðlaugur Magnússon Oddur Eysteinsson, Magnús Jósepsson, Guðbjörn Ketilsson, Gestur Jósepsson og Guðmundur Guðbrandsson gáfu fé það er þeim var ákveðið á síðasta aðalfundi samkv. 13. lið fundargerðarinnar að upphæð Kr 90,00 í sýningar-

sjóð í tilefni af samkeppnis-
sýningu á Þingvöllum 1950
saman ber 5. lið fundargerðar 1942.

5. 6 menn sóttu um inntöku
í félagið þeir:
Guðm. Guðmundsson Núpi
Jón Benediktsson Hömrum
Yngvi Guðjónsson Krossi
Guðjón Sigurðsson Sauðafelli
Jóhann Hjalmtýrsson Saurstöð.
og Óskar Jóhannesson Svínholi.
Var samþykkt í einu hljóði
að taka þá í félagið.

6. Samþykkt að halda Kappreiðar
sunnudaginn 4. júli n. k.

7. Samþykkt að taka tilboði
Bergjóns í Snóksdal að sjá um
veitingar á kappreiðunum
gegn 400,oo króna gjaldi og kaffi
handa 60 manns.

8. Kosinn til að sjá um merkja sölu að kappreiðunum Styrkár í Tungu og honum til aðstoðar Pálmi í Snóksdal, Jón á Hömrum Jóhann á Saurstöðum og Óskar á Svínhóli

9. Kosnir til að sjá um merkja-sölu að dansinum þeir Flosi á Harðarbóli, Haraldur á Sauðafelli og Baldvin á Svarfhóli.

10. Kosnir til að sjá um dansinn þeir Guðmundur á Hóli, Magnús á Hrafnabjörgum og Oddur í Snóks-dal.

11. Kosnir í dómnefnd:
Guðmundur í Ljárskógum
Gísli í Geirshlíð
og Gestur á Hrafnabjörgum
til vara Ólafur í Vífilsdal
og Guðmundur á Hóli

12. Rosin kosinn Guðlaugur
á Kolsstöðum
og til vara Hjörtur í Vifilsdal
13. Kosinn til að geyma hestana
Einar á Bjarnalandi.
14. Kosnir til að sjá um viðgerð
á skeiðvellinum Magnús
Rögnvaldsson, Jón Ólafsson
Guðm. Sigurðsson og Þórfinnur
Sigurðsson.
15. Verðlaun á kappreiðunum
skulu vera:
1. verðlaun á stökki 100 kr
2 verðlaun 50 kr 3. verðlaun 25 kr.
1. verðlaun á skeiði 150 kr
2. verðl. 50 kr. 3. verðl. 25 kr.
Folahlaup: 1. verðlaun 50 kr
2. verðl. 30 kr 3. verðl. 20 kr.
16. Stjórnin var öll endurkosinn
sömuleiðis vara stjórn.

17. Endurskoðendur voru endurkosnir þeir sömu og voru síðastliðið ár

18. Svohljóðandi tillaga kom fram:
„Fundurinn felur stjórn félagsins að undirbúa frumvarp að lögum fyrir félagið fyrir næsta aðalfund þannig að það geti orðið styrkur að njótandi samkvæmt lögum um „hrossarækt.“ Samþykkt með samhljóða atkvæðum.

Upplesið. Samþykkt.
Fundi slitið.
Flosi Jónsson
(ritari)